



Lög & samþykktir

ELSA Ísland

(ELSA Iceland)

Vottað af

Anítu Lind Hlynsdóttur

Aðalritara ELSA Ísland

2023/2024

I. kafli: Félagið

1. gr. ELSA Ísland („félagið“) er Íslandsdeild ELSA. ELSA stendur fyrir „The European Law Students' Association“.
2. gr. Félagið hefur aðsetur og varnarþing í Reykjavík.
3. gr. Félagið skal vera sjálfstætt og óháð. Skal það hvorki starfrækt í hagnaðarskyni, né heldur í pólitískum tilgangi.
4. gr. Markmið félagsins er að stuðla að faglegum og félagslegum tengslum meðal laganema, ásamt því að búa þá undir atvinnulíf og fræðistörf á alþjóðlegum vettvangi.
5. gr. Í starfi félagsins skulu hugsjón, stefna og markmið ELSA, eins og þau birtast í gildandi lögum og samþykktum ELSA á alþjóðavísu, höfð að leiðarljósi í hvívetna.

II. kafli: Skráning í félagið og brottvikning

6. gr. Eftirfarandi er heimil aðild að félaginu:
 - I. Öllum þeim sem stunda nám við lagadeild í íslenskum háskóla sem nýtur viðurkenningar sem slíkur samkvæmt lögum nr. 63/2006;
 - II. Öllum þeim sem lokið hafa fullnaðarprófi í lögfræði og búsettir eru eða starfa hérlandis, en þó einvörðungu í þrjú ár frá brautskráningu.
7. gr. Landsstjórn er heimilt að setja á skráningargjald eða árgjald. Fjárhæð gjaldsins skal ákveðin af landsstjórn.
8. gr. Landsstjórn getur vikið félaga af fundum og öðrum viðburðum á vegum félagsins og meinað honum að taka þátt í starfsemi þess um stundarsakir ef hann hefur sýnt af sér ámælisverða háttsemi eða valdið félaginu álitshnekkjum með framkomu sinni og með því unnið gegn hagsmunum ELSA. Heimilt er að setja bindandi háttænisreglur sem gilda skulu á viðburðum á vegum félagsins. Háttænisreglur þessar skulu birtar í ákvarðanabók landsfundar.
9. gr. Gerist félagi ítrekað uppvís að háttæmi þeirri sem getið er um í 8. gr. er landsstjórn heimilt að víkja honum úr félaginu til bráðabirgða. Brottvikningin skal borin undir verkefnastjóra velferðarmála til staðfestingar. Ef ekki er starfandi verkefnastjóri verkefnamála, skal brottvikningin borin undir stjórn til staðfestingar.

III. kafli: Stofnanir

10. gr. Helstu stofnanir ELSA Ísland eru;

- I. landsfundur,
- II. landsstjórn.

IV. kafli: Landsfundur

11. gr. Landsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald innan ELSA Ísland.

12. gr. Á landsfundi taka félagar í ELSA Ísland ákvarðanir um þau mál sem skylt er að bera undir atkvæði fundarins samkvæmt lögum þessum. Ef vafi leikur á um hvort landsstjórn eða landsfundur fari með ákvörðunarvald í tilteknu tilviki, skal það falla í hlut landsfundar að skera úr um það.

13. gr. Landsfundur ELSA Ísland skal kveðinn saman árlega á vorönn. Dagsetning fundar skal ákveðin af landsstjórn. Landsstjórn getur jafnframt boðað til aukalandsfundar að eigin frumkvæði. Þá er landsstjórn skylt að boða til aukalandsfundar ef þriðjungur félaga óskar eftir því með skriflegri áskorun.

14. gr. Landsstjórn skal boða til landsfundar að minnsta kosti fjórtán dögum áður en hann fer fram, með skriflegri orðsendingu til allra félaga í félaginu. Jafnframt skal landsstjórn birta fundarboð á vefsvæði félagsins í því augnamiði að gera félögum viðvart um landsfund. Ellegar er landsfundur eigi ályktunarbær.

15. gr. Eftirfarandi njóta réttar til að leggja tillögur fyrir landsfund:

- I. alþjóðastjórnin;
- II. landstjórnin;
- III. félagar.

16. gr. Allir félagar í ELSA Ísland hafa atkvæðisrétt á landsfundi og gilda atkvæði þeirra jafnt.

17. gr. Félagar fyrirgera atkvæðisrétti sínum ef þeir hafa ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar gagnvart félaginu. Landsstjórn er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef málefnaleg sjónarmið standa að baki þeirri ákvörðun.

V. kafli: Landsstjórn

18. gr. Landsstjórnin fer með framkvæmdastjórn félagsins. Hún hefur umsjón með starfsemi félagsins við og innleiðingu markmiða og ákvarðana Landsfundar, ásamt því að annast og bera ábyrgð á daglegum rekstri þess.
19. gr. Landstjórnin kemur fram fyrir hönd ELSA Ísland.
20. gr. Landsstjórn skal skipuð allt að átta félögum.
21. gr. Landsstjórn skal kjörin með leynilegri atkvæðagreiðslu á landsfundi og er kjörtímabil hennar eitt ár í senn. Kosid skal sérstaklega til hvers embættis.
22. gr. Stjórnarskipti skulu fara fram eigi síðar en 1. júní.
23. gr. [...]
24. gr. Sé landsstjórnin ekki fullskipuð að loknum landsfundi, ber forseta skylda til að auglýsa eftir félögum til að taka sæti í landsstjórn. Um birtingu slíkra auglýsinga fer eftir 14. gr. þessara laga eftir því sem við á. Í auglýsingu skal koma á framfæri þeim hæfniviðmiðum sem sitjandi landsstjórn hyggst hafa hliðsjón af við val á milli umsækjenda.
25. gr. [...]
26. gr. Segi stjórnarmaður sig frá störfum, ber landsstjórn skylda til að auglýsa í stöðu hans á meðal félaga með sama hætti og greinir í 24. gr. Auglýsingafrestur skal þó einvörðungu vera sjö dagar.
27. gr. Landsstjórn er heimilt að víkja stjórnarmeðlimi úr embætti ef viðkomandi brýtur í bága við lög félagsins. Eins er heimilt að víkja stjórnarmeðlimi úr embætti ef hann hefur sýnt af sér verulega ámælisverða háttsemi eða valdið ELSA álitshnekkjum með framkomu sinni.
28. gr. Landsstjórn, að þeim undanskildum sem kemur til greina að víkja frá stjórnarstörfum, skal greiða atkvæði um brottvikningu og þarf að minnsta kosti tvo þriðju atkvæða til þess að brottvikning sé gild. Brottvikningin skal borin undir aukalandsfund, sem kveðinn skal saman samkvæmt 14. gr.
29. gr. Landsstjórn er heimilt að leita atbeina félaga við rækslu allra starfa og verkefna sem undir hana heyra. Í þessu skyni er stjórn meðal annars heimilt að skipa í nefndir og auglýsa meðal félagsmanna eftir aðstoðarmönnum.

VI. kafli: Fjárhagur

30. gr. Landsstjórn skal fjármagna rekstur félagsins meðal annars með skráningargjöldum, árgjöldum, aukagjöldum, hagnaði af sölu á auglýsingum og varningi, sem og hvers konar styrkjum. Félagið skal þó hafna fjárstyrkjum séu þeir bundnir skilyrðum sem ganga í berhögg við gildi ELSA, eða samræmast ekki hagsmunum ELSA að öðru leyti.
31. gr. Fjárhagsár félagsins stendur á milli landsfunda. Fráfarandi landsstjórn skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning á landsfundi.

VII. kafli: Endurskoðun

32. gr. Fyrir hvern landsfund er heimilt að kveða til starfa tvo skoðunarmenn reikninga. Skulu þeir vera gjaldkera innan handar við uppgjör fjármála félagsins og endurskoða ársreikning þess. Að lokinni endurskoðun skulu skoðunarmenn rita endurskoðunarskýrslu.
33. gr. Séu skoðunarmenn kvaddir fyrir landsfund, þá skulu þeir staðfesta reikninga félagsins fyrir síðastliðið reikningsár. Skoðunarmenn skulu leggja endurskoðunarskýrslu sína og vottaða ársreikninga fyrir landsfund.

VIII. kafli: Lög

34. gr. Gera má breytingar á lögum þessum að því tilskildu að breytingartillaga sé birt félögum með sama hætti og mælt er fyrir um í 14. gr. Til lagabreytinga þarf einfaldan meirihluta greiddra atkvæða.
35. gr. Breytingar á lögum þessum öðlast gildi þegar þær hafa verið birtar á vefsvæði félagsins. Aðalritari skal annast birtingu laganna og skulu þau birt eigi síðar en einni viku frá því að landsfundi lýkur. Geyma skal afrit af lögnum á varanlegum miðli og í stafrænum gagnagrunni.
36. gr. Lagabreytingar teljast birtar þegar þær hafa verið lagðar fram á vefsvæði félagsins.
37. gr. Komi upp ágreiningur um gildissvið laga þessara gagnvart regluverki ELSA International, skulu lög, samþykktir og ákvarðanabók aðalfundar ELSA International hafa forgang.

IX. kafli: Samþykktir

38. gr. Landsfundur setur samþykktir um innri málefni félagsins, réttindi og skyldur félaga, og sambærileg mál sem krefjast frekari regluþætningar.
39. gr. Gera má breytingar á samþykktum á landsfundi að því tilskildu að breytingartillaga sé birt félögum með sama hætti og mælt er fyrir um í 14. gr. Birtingarfrestur skal þó einvörðungu vera sjö dagar. Einfaldan meirihluta atkvæða þarf til að breyting öðlist gildi.
40. gr. Beri lögum og samþykktum félagsins ekki saman, skulu lögin hafa forgang. Ef ágreiningur rís um túlkun á samþykktum félagsins skal túlka þær til samræmis við lög félagsins eða eftir atvikum regluverk ELSA International.

X. kafli: Ákvarðanabók landsfundar

41. gr. Ákvarðanabók landsfundar er skrá yfir allar gildandi ákvarðanir landsfundar, að undanskyldum breytingum á lögum og samþykktum félagsins.
42. gr. Einfaldan meirihluta atkvæða þarf til að gera breytingar á ákvarðanabók landsfundar. Ákvarðanir landsfundar teljast því aðeins gildar að þær gangi ekki í berhöggi við lög og samþykktir félagsins

XI. kafli. - Upplausn

43. gr. Félagið má leysa upp með einróma ákvörðun landsfundar, enda hafi tillaga þess efnis verið lögð fram á dagskrá fundarins og verið kynnt með viðhlítandi hætti.
44. gr. Við upplausn félagsins skal landsfundur kjósa skiptastjóra. Í kjölfarið skal skiptastjóri greiða skuldir félagsins, ef einhverjar eru, og afhenda að svo búnu eftirstandandi eignir félagsins til ELSA International.

Samþykktir

Í þeim tilgangi að skýrgreina frekar lög ELSA Iceland, samþykkja meðlimir félagsins að gangast við eftirfarandi samþykktum.

Umfang félagsins

1.gr. – ELSA Iceland sem deildarfélag

[...]

2. gr. - Helstu Athafnasvið

Helstu athafnasvið ELSA Iceland skulu vera:

- a) Akadémískar Athafnir (AA - e. *Academic Activities*), sem fela í sér að auka lögfræðilega færni laganema og hvetja þá til þátttöku í fræðastörfum;
- b) Keppnir (K - e. *Competitions*), sem veita laganemum færi á að spreyta sig á málflutningi, samningatækni og öðrum kjarnasviðum lögfræðinnar;
- c) Málstofur og Ráðstefnur (M&R - e. *Seminars & Conferences*), er varða öflun þekkingar á lögfræðistörfum og öðrum menningarheimum;
- d) Fagleg Þróun (FP - e. *Professional Development*), sem felur í sér að veita laganemum og ungum lögfræðingum tækifæri til að öðlast starfsreynslu erlendis og fræðast um önnur réttarkerfi.

Landsfundur

3. gr. – Landsfundur

3.1 Fundarsköp landsfundar eru eftirfarandi:

- a) Fundur settur
- b) Kjör fundarritara
- c) Skýrslur stjórnarmeðlima
- d) Ársreikningur~~ar~~ lagður~~ir~~ fram
- e) Umræður~~ar~~ um skýrslur stjórnarmeðlima og ársreikninga
- f) Breytingar á lögum félagsins
- g) Kosning nýrrar stjórnar fyrir komandi starfsár
- h) Önnur mál
- i) Fundi slitið

Landsstjórn er heimilt að bæta dagskrárliðum við fundarsköp þessi.

4. gr. - Framkvæmd atkvæðagreiðslu

4.1 Öll greiðsla atkvæða skal fara fram með uppréttingu handa, nema í þeim tilvikum þar sem leynileg atkvæðagreiðsla fer fram.

4.2. Reglur um leynilega atkvæðagreiðslu

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með skriflegum og leynilegum atkvæðaseðlum, þegar kosningar varðar:

- a) kosningu nýrrar landsstjórnar, og
- b) hvað annað sem stjórnarmeðlimur, eða einfaldur meirihluti atkvæðisbærra fundargesta, biður um að kosið verði um með leynilegri atkvæðagreiðslu.

4.3 Leynilega atkvæðagreiðslu má framkvæma með rafrænum hætti.

4.4 Landsstjórn ELSA Iceland skipar fundarstjóra fyrir landsfund. Fundarstjóri er ekki kjörgengur til framboðs á landsfundinum og má ekki þá þegar sitja í landsstjórn ELSA Iceland.

Fundarstjóri skal ganga úr skugga um að kosningar til landsstjórnar félagsins á landsfundinum fari fram í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

5.gr. – Gestir

Stjórn ELSA Iceland getur boðið gestum að mæta á landsfundi. Gestir hafa rétt til þess að tjá sig og koma með tillögur en þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

Landsstjórnin

6. gr. - Skipan

6.1 Reglur

Eftirfarandi reglur skulu gilda um skipan Landsstjórnarinnar:

a) Landsstjórnin samanstendur af átta embættum:

- I. Forseti (e. *President*)
- II. Aðalritari (e. *Secretary General*)
- III. Gjaldkeri (e. *Treasurer*)
- IV. Markaðsstjóri (e. *Vice President in charge of Marketing*)
- V. Framkvæmdastjóri fræðastarfs (e. *Vice President in charge of Academic Activities*)
- VI. Framkvæmdastjóri keppnisviðburða (e. *Vice President in charge of Competitions*)
- VII. Framkvæmdastjóri ráðstefna (e. *Vice President in charge of Seminars & Conferences*)
- VIII. Framkvæmdastjóri atvinnutækifæra (e. *Vice President in charge of Professional Development*)

b) Eftir kosningu nýrrar Landsstjórnar skal fráfaramandi Landsstjórn vinna náið með nýkjörinni stjórn til þess að hjálpa með tilfallandi verkefni, undirbúa nýja Landsstjórn fyrir embætti sín og við að setja markmið fyrir komandi starfsár.

6.2 Verkefni og skyldur

a) Landsstjórn ELSA Iceland skal gera allt sem í sínu valdi stendur til þess að vinna náið með lagadeildum og nemendafélögum lagadeilda á Íslandi. Forseti og Aðalritari félagsins skulu vera tengiliðir við lagadeildir og nemendafélög.

b) Forseti

Forseti ber ábyrgð á heildarsamhæfingu starfs félagsins, framkvæmd útpenslu félagsins, stefnumótun, samskiptum innan landsstjórnar, áætlanagerð og framkvæmd ytri samskipta. Forsetinn kemur fram fyrir hönd félagsins út á við, meðal annars gagnvart samstarfsaðilum. Forsetinn ber ábyrgð á að boða til stjórnarfunda og skal stýra þeim.

c) Aðalritari

Aðalritari er ábyrgur fyrir stýringu, skipulagningu og umhirðu innviða félagsins, og skal í framhaldi af því bera ábyrgð á því að ákvörðunum sem teknar eru í þá veru sé framfylgt. Aðalritari ritar fundargerðir á stjórnarfundum og heldur utan um skrá með viðburðum og ákvörðunum félagsins. Aðalritari ber ábyrgð á því að gefa út lög og samþykktir félagsins og gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við lög og samþykktir ELSA International. Aðalritari er staðgengill forseta í fjarveru hans.

d) Gjaldkeri

Gjaldkeri félagsins fer með fjárreiður þess, og ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar, yfirstjórn eigna félagsins, bókhaldi, reikningshaldi og innheimtu, auk annarra tilfallandi verkefna sem tengjast fjármálum þess. Gjaldkeri ber einnig ábyrgð á greiðslu árgjalda ELSA Ísland til ELSA International.

e) Markaðsstjóri

Markaðsstjóri ber ábyrgð á kynningu viðburða og verkefna sem hrint er í framkvæmd af ELSA Ísland eða ELSA International. Markaðsstjóri hefur yfirumsjón með allri kynningarstarfsemi og framsetningu félagsins og skal sjá til þess að markaðssetning sé skýr og aðgengileg í hvívetna.

f) Framkvæmdastjórar

Framkvæmdastjórnarnir fara hver um sig með yfirumsjón á því athafnasviði sem undir þá heyrir. Þannig eru þeir ábyrgir fyrir skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd verkefna og viðburða á þeirra athafnasviði sem ákveðið er að ráðast í á landsfundi eða af landsstjórn.

6.3 Reglur um laus embætti

Eftirfarandi reglur skulu gilda í þeim tilvikum er eitt eða fleiri embætti í landsstjórn eru laus:

a) Aðrir meðlimir viðkomandi landsstjórnar bera sameiginlega ábyrgð á að sinna verkum hins lausa embættis.

b) [...]

c) [...]

d) Skipunarferli staðgengils er alfarið á hendi landsstjórnar.

7.gr. –Innri starfsemi og fyrirvar

7.1 Bærni

Landsstjórnin er ályktunarbær að því gefnu að minnst helmingur stjórnarmeðlima sé viðstaddur stjórnarfundi.

7.2 Atkvæðisréttur

Hver stjórnarmeðlimur hefur eitt atkvæði innan landstjórnarinnar.

7.3 Gildi ákvarðana

Ákvarðanir skulu teknar með einföldum meirihluta. Ef atkvæði falla jafnt fer forseti með oddaatkvæði.

7.4 Fyrirvar

Eftirfarandi reglur skulu gilda um fyrirvar

- a) Landsstjórn er í fyrirvari fyrir félagið sameiginlega og hver á sínu sviði. Ennfremur getur forseti komið fram fyrir hönd félagsins hvenær sem er.
- b) Landsstjórnin getur falið hverjum sem er að aðstoða sig við störf sín eða til að framkvæma tiltekin verkefni og skyldur tengd starfseminni. landsstjórnin er ábyrg gagnvart landsfundi vegna athafna þeirra sem kveðnir eru til starfa samkvæmt ákvæði þessu.

Fjármál

8.gr. Meginákvæði

8.1 [...]

9. gr. - Fjárhagsáætlun ELSA Iceland og bókhald

9.1 Fjárhagsáætlun ELSA Iceland fyrir komandi fjárhagsár

- a) Landsstjórn tekur ákvarðanir um fjárhagsáætlun komandi fjárhagsárs eftir tillögu gjaldkera félagsins.

9.2 [...]

9.3 [...]

9.4. [...]

9.5. [...]

10. gr. - Skoðunarmenn reikninga

10.1 [...]

10.2 [...]

10.3 [...]

10.4 [...]

Viðaukar

11. gr – Gildissvið og virkni

[...]

Fundargerð og ákvarðanabók ELSA International

12. gr. Ákvarðanabók aðalfundar ELSA International

12.1 Ákvarðanabók aðalfundar ELSA International

Ákvarðanabók aðalfundar ELSA International er opinber skrá, yfir allar núverandi ákvarðanir aðalfundarins sem nú eru í gildi, að undanskildum breytingum á lögum og samþykktum ELSA International.

12.2 ELSA Iceland skuldbindur sig til að taka að sér allar skyldur samkvæmt ákvarðanabókinni og fundargerð frá hverjum aðalfundi ELSA International.

13.gr. – Landsfundur

13.1 Fundargerð og birting

Fundargerð landsfundar skal samin af aðalritara félagsins úr drögum sem rituð eru af fundarritara. Fundargerðin skal birt eigi síðar en 60 dögum frá lokum landsfundar.

13.2 Gildistaka ákvarðana

Ákvarðanir teknar á landsfundum skulu ekki taka gildi fyrr en fundargerð hefur verið undirrituð og birt af aðalritara.